

Starfsreglur ræktunardeilda Hundaræktarfélags Íslands

(Gildir frá mars 2018)

I. Markmið

1. Markmið ræktunardeilda Hundaræktarfélags Íslands er að standa vörð um ræktun viðkomandi hundakyns/kynja, að vera ráðgefandi og að miðla fræðslu eins og stendur í lögum HRFÍ sjá VII kafla, greinar 19, 20, 21, 22 og 23.

II. Stofnun ræktunardeilda

Ræktunardeildir HRFÍ eru þrenns konar og eru þær skilgreindar á eftirfarandi hátt:

- a) Ræktunardeild um eitt hundakyn sem kallast sérdeild. Sjá grein 1.
- b) Ræktunardeild um tvö eða fleiri hundakyn sem tilheyra sama tegundahópi og hafa svipaða meðfædda eiginleika kallast hópdeild. Sjá grein 2.
- c) Í safndeild eru þau hundakyn sem ekki tilheyra sérdeild eða hópdeild. Sjá grein 3.

1. Til þess að stofnuð verði ræktunardeild um eitt hundakyn er það skilyrði að í landinu séu 24 ræktunarhæfir hundar af viðkomandi hundakyni. Þessir hundar skulu vera skráðir í ættbók HRFÍ og hafa að lágmarki fengið einkunnina „Very Good“ á hundasýningu viðurkenndri af HRFÍ. Ræktunarhæfir hundar eru undaneldishundar sem fullnægja að öllu leyti skilyrðum á hverjum tíma sem fram koma í reglugerð um skráningu í ættbók. Umsókn um stofnun ræktunardeildar skulu fylgja upplýsingar um þá 24 hunda sem taldir eru uppfylla skilyrði hæfra ræktunardýra og staðfesting á einkunnum þeirra á viðurkenndum hundasýningum. Til viðbótar skilyrði um hæf ræktunarhæf dýr skulu að lágmarki 40 félagsmenn vera skráðir eigendur hunda nýrrar deildar. Ef stofnendur nýrrar ræktunardeildar hafa áður tilheyrt safn- eða hópdeild, skal þess gætt að í þeirri safn- eða hópdeild verði eftir að lágmarki 40 félagsmenn, skráðir eigendur hunda deildarinnar. Jafnframt skal stjórn HRFÍ, þegar þannig stendur á, tilkynna stjórn viðkomandi safn- eða hópdeildar að til skoðunar sé að leggja fyrir félagsfund tillögu að stofnun nýrrar ræktunardeildar. Skal stjórn safn- eða hópdeildar gefinn kostur á að setja fram sjónarmið sín vegna þessa áður en stjórn HRFÍ tekur endanlega ákvörðun um að leggja hana fyrir félagsfund til staðfestingar. Þetta á við um sérdeild, sbr. Deild íslenska fjárhundsins.
2. Til að heimild fái til að stofna ræktunardeild um tvö eða fleiri hundakyn, þurfa þau að vera skyld að útliti, eiginleikum eða uppruna. Eitt kynið þarf að uppfylla sömu skilyrði og í grein I. Þetta á við um hópdeild, sbr. Retrieverdeild.
3. Heimilt er að stofna safndeild um fleiri en eitt hundakyn. Til safndeildar teljast hundakyn sem ekki tilheyra sérdeildum eða hópdeildum. Í safndeild skulu valdir tengiliðir fyrir hvert hundakyn, þegar fjöldi slíkra hunda eru a.m.k. 5 í safndeildinni. Tengiliðir skulu hafa verið félagsmenn í HRFÍ í a.m.k. tvö ár, vera skráðir eigendur hunds af viðkomandi hundakyni og hafa á því góða þekkingu. Tengiliðir skulu kjörnir á ársfundi safndeildar. Eingöngu félagsmenn, skráðir eigendur hunda af viðkomandi hundakyni taka þátt í kjöri tengiliðar viðkomandi hundakyns. Gefi enginn kost á sér sem tengiliður hundakyns skal stjórn ræktunardeildar skipa tengilið á fyrsta fundi

sínum eftir ársfund. Tengiliðir miðla upplýsingum um kynið og eru stjórn deildarinnar til aðstoðar eftir því sem við á hverju sinni. Stjórn safndeildar getur sett tengiliðum deildarinnar sérstakar starfsreglur

4. Telji stjórn HRFÍ grundvöll vera fyrir stofnun nýrrar deildar skal tillaga þess efnis lögð fyrir aðalfund HRFÍ til samþykktar samkvæmt 19. og 21. grein laga HRFÍ.

III. Stjórn ræktunardeildar

1. Stjórn ræktunardeildar skal skipuð þremur eða fimm félagsmönnum. Eigi að fækka stjórnarmönnum eða fjölga þeim, skal slíkt koma fram í fundarboði og síðan kosið um tillögu að fjölgun eða fækkun á ársfundi deildarinnar áður en kosið er til stjórnar. Heimilt er að kjósa tvo varamenn í stjórn ræktunardeilda til tveggja ára í senn. Einungis þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og eru skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn, geta gefið kost á sér í stjórn ræktunardeildar.
2. Kosning í stjórn ræktunardeildar fer fram á ársfundi deildarinnar ár hvert. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Endurkjör er leyfilegt. Kosningarrétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni. Á fyrsta fundi eftir ársfund skal stjórn velja sér formann.
3. Við stjórnarkjör í hóp- og safndeildum skal leitast við að velja fulltrúa mismunandi hundakynja. Stjórnir hóp- og safndeilda eru hvattar til bjóða tengiliðum að sitja stjórnarfundi, að því leyti sem hægt er. Þeir sem gefa kost á sér til stjórnarstarfa í hóp- safndeildum vinna í þágu allra hundakynja sem tilheyra deildinni.
4. Þeir sem sitja í stjórn ræktunardeilda og nefnda ásamt tengiliðum eru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands. Þeir skulu gæta trúmennsku í störfum, leggja sitt af mörkum til að efla félagið og standa vörð um hagsmuni þess. Þeir sem valdir eru til stjórnarstarfa þurfa að þekkja lög og reglur HRFÍ og starfa samkvæmt þeim í sérhverju máli sem þeim er falið að vinna.
5. Stjórn ræktunardeildar skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á starfsemi deildarinnar. Stjórn ræktunardeildar, með sérstaka kennitölu, og eigin fjárhag um viðburði haldna á vegum deildarinnar, skal tryggja að meðferð fjármuna deildarinnar sé samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum. Gjaldkeri stjórnar hefur prókúru á reikning deildarinnar og ráðstafar fjármunum samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárhagsáætlun hverju sinni. Gjaldkeri annast greiðslur samþykktra reikninga og hefur prókúru á útgjaldareikninga vegna þeirra. Stjórn getur falið félagsmanni umsjón með verki sem samþykkir reikninga sem berast áður en þeir eru greiddir. Fé er ávaxtað samkvæmt stefnu um ávöxtun með lágmarksáhættu. Stjórn getur tilnefnt félagsmenn í nefndir, s.s. sýninganefnd, ritnefnd, tölvunefnd, göngunefnd. Við tilnefningu í nefndir skal tilteknum einstaklingi falið að gegna forsvari fyrir starf nefndarinnar. Stjórn deildarinnar hefur umsjón með störfum slíkra nefnda og skal forsvarsmaður nefndar gera stjórninni grein fyrir starfsemi þeirra eftir því sem þörf krefur.

Stjórnir hóp- og safndeilda eru hvattar til að tilnefna í ræktunarráð fyrir hundakyn deildarinnar. Meðal hlutverka ræktunarráðs er að taka fyrir pörunarbeiðni og ráðleggja stjórn um afgreiðslu, halda utan um upplýsingar um hundakynið og vera stjórn deildarinnar til ráðgjafar um málefni tengd viðkomandi hundakyni.

Stjórn ræktunardeildar skal halda fundargerðabók, þar sem dagsetning funda er skráð, dagskrá funda, erindi sem borist hafa, afgreiðsla mála og ákvarðanir sem teknar eru.

6. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ og heimasíðu deildarinnar (Facebook-síðu). Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag skulu leggja fram rekstrar- og efnahagsyfirlit og fjárhagsáætlun eftir því sem við á, á ársfundi deildarinnar. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.
7. Við stofnun nýrrar deildar skal tilgreina þrjá eða fimm stjórnarmenn, sem sjá um að boða til ársfundar deildarinnar innan mánaðar frá stofnun hennar. Til fundarins skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ og heimasíðu deildarinnar (Facebook-síðu). Ef fimm manns skipa stjórn, skal á fyrsta ársfundi nýrrar deildar kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo stjórnarmenn til eins árs. Í þriggja manna stjórn eru, á fyrsta ársfundi deildarinnar, kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára og einn stjórnarmaður til eins árs. Fundargerð ársfundar skal rituð og hún birt opinberlega. Í fundargerð skal m.a. greint frá kjöri stjórnarmanna og atkvæðafjölda.
8. Deild íslenska fjárhundsins ber ábyrgð á verndun, ræktun og heilbrigði íslenska fjárhundsins í umboði stjórnar HRFÍ. Stjórn tilnefnir því fulltrúa sinn í stjórn deildarinnar til tveggja ára í senn. Fulltrúinn situr sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt í stjórn DÍF og er hlutverk hans að vera sérstakur tengiliður milli stjórnar HRFÍ og DÍF um málefni sem varða íslenska fjárhundinn.

IV. Starfssvið ræktunarstjórna

1. Ræktunarstjórn er ráðgefandi aðili um allt er viðkemur ræktun, eðli og umhirðu viðkomandi hundakyns. Ennfremur ber ræktunarstjórn að fræða um sögu kynsins, heilbrigði og uppruna.
2. Stefna ræktunarstjórnar skal vera að beina allri ræktun í þá átt að einstaklingar kynsins séu:
 - Andlega og líkamlega heilbrigðir.
 - Án erfðagalla.
 - Uppfylli kröfur ræktunarmarkmiðs kynsins um útlit og byggingu.
 - Uppfylli þær kröfur sem gerðar eru um vinnueiginleika kynsins.
3. Ræktunarstjórn er einungis ráðgefandi aðili um allt er varðar ræktun ættbókarfærðra hunda sem standast tilskyldar kröfur um undaneldi, í samræmi við ræktunarmarkmið kynsins og ættbókarreglur HRFÍ.
4. Öll ábyrgð á ræktun hvílir alfarið á tíkareiganda og eiganda hundsins.

5. Félagsmanni í HRFÍ er óheimilt að nota ættbókarfærðan hund eða tík til undaneldis með hundi/tík af blönduðu kyni eða öðru hundakyni. Sé það gert af ásetningu er ræktunarstjórn heimilt að víkja viðkomandi úr deildinni. Samkvæmt skilgreiningu FCI eru allir hundar, sem ekki eru með ættbók frá hundaræktarfélagi viðurkenndu af FCI, taldir blendingar.
6. Ræktunarstjórn skal vera félagsmanni HRFÍ til ráðgjafar og:
 - aðeins vera skylt að taka til meðferðar skriflegar fyrirspurnir um ræktun og undaneldi hunda sem eru ættbókarfærðir hjá HRFÍ og öðrum hundaræktarfélögum, sem FCI viðurkennir.
 - aðeins vera ráðgefandi aðili í fyrirspurnum félagsmanna HRFÍ um ræktun og undaneldi.
 - Ræktunarstjórn skal ennfremur:
 - halda saman öllum umsögnum frá sýningum prófum og heilbrigðiskönnunum.
 - halda saman upplýsingum um hugsanlega erfðagalla sem kunna að finnast í viðkomandi hundakyni.
 - koma á framfæri í Sámi og á vefsíðu ræktunardeilda, fræðslu og upplýsingum um heilbrigði, ræktun, og undaneldi þess hundakyns sem ræktunardeildin stendur vörð um.
7. Auk ofantalinna atriða er ræktunarstjórn skylt að takast á hendur nánar tilgreind sérverkefni sem stjórn eða vísindanefnd HRFÍ felur því í þágu ræktunar.
8. Ræktunarstjórn skal leitast við að taka til meðferðar innan mánaðar þær skriflegu fyrirspurnir sem berast varðandi ræktun og undaneldi. Gera má ráð fyrir lengri afgreiðslufresti berist fyrirspurnir í jólaleyfi eða sumarleyfi.
9. Svör við fyrirspurnum skulu vera skrifleg, dagsett, og undirrituð af fulltrúa ræktunarstjórnar.
10. Leiti tíkareigandi ráða varðandi val á hundi til undaneldis, skal ræktunarstjórn benda á 3 hunda, sé það mögulegt. Undirstrika skal, að það er alfarið ákvörðun tíkareigandans hvaða hund hann notar.
11. Skrifleg umsókn ræktanda um val á hundi til undaneldis þarf að hafa borist stjórn ræktunardeildar í síðasta lagi 2 mánuðum fyrir væntanlegt lóðarí tíkarinnar, eigi að vera hægt að taka hana til greina.
12. Ábending ræktunarstjórnar gildir aðeins fyrir eina pörun og aðeins í 9 mánuði eftir dagsetningu pörunarumsóknar.
13. Uppfylli tík/hundur ekki þau skilyrði sem ræktunarmarkmið hundakynsins setur og ættbókareglur HRFÍ kveða á um, ber að forðast allt undaneldi frá þeim.

V. Deildarsýningar

1. Ræktunardeildum er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ að fenginni umsögn sýningarstjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ eigi síðar en 6 mánuðum áður en sýning er fyrirhuguð. Stjórn HRFÍ getur heimilað sýningu sem sótt er um með styttri fyrirvara. Leitast skal við að velja dómara sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum).

2. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun, stað- og dagsetning sýningar og hvaða tegund skal dæma (tegundir í tilviki hóp- og safndeilda). Umsókn og fjárhagsáætlun skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum ([Umsókn um deildarsýningu](#), [Fjárhagsáætlun deildarsýningar](#)) sem aðgengileg eru á heimasíðu HRFÍ. Umsókn er metin ófullnægjandi ef niðurstaða fjárhagsáætlunar er neikvæð, þ.e. gjöld eru hærri en tekjur. Hagnaður rennur til ræktunardeildar sem jafnframt ábyrgist á fullnægjandi hátt tap af viðkomandi sýningu.
3. Tillaga um dómara sem bjóða skal með hæfilegum fyrirvara, ber að fylgja umsókn. Boð til dómara skal vera skriflegt, með bréfi eða tölvupósti, sent af formanni ræktunardeildar með afriti til framkvæmdastjóra og sýningarstjórnar HRFÍ.
4. Stjórn ræktunardeildar skal skipa sýningarnefnd sem ber ábyrgð á að framkvæmd sýningar sé samkvæmt sýningareglum HRFÍ.
5. Undirbúningur, skipulag og framkvæmd sýningar er í höndum sýningarnefndar ræktunardeildar. Stjórn ræktunardeildar getur óskað eftir aðstoð sýningarstjórnar HRFÍ. Ræktunardeildir geta fengið sýningarmuni að láni hjá HRFÍ gegn tryggingu fyrir skilum og skemmdum. Að fengnu leyfi fyrir deildarsýningu skal sýningarstjórn ræktunardeildar skila útfylltu eyðublaði ([Framkvæmd sýningar](#)) til HRFÍ sem aðgengilegt er á heimasíðu félagsins. Ræktunardeild leggur til fólk til aðstoðar á skrifstofu HRFÍ ef óskað er, vegna undirbúnings sýningar og/eða úrvinnslu sýningargagna. Skráning á deildarsýningu og greiðsla skráningargjalds fer fram á sama hátt og á aðrar sýningar félagsins. Skila ber uppgjöri til HRFÍ eftir sýningu ásamt reikningum. Verð deildarsýningar og aflættir eru skv. gjaldskrá félagsins.
6. Starfsreglur ræktunardeilda nr. V.1 til V.5 hér að ofan gilda einnig um ræktunarskoðun hunda.
7. Að öðru leyti gilda sýningareglur Hundaræktarfélags Íslands og dómareglur FCI.
8. Stjórn HRFÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessum reglum.